



Alþingi  
Erindi nr. P 138/2960  
komudagur 16.7.2010

## ÍSAFJARÐARBÆR

Samgöngunefnd Alþingis,  
skrifstofu Alþingis,  
150 Reykjavík.

Ísafirði, 16. júlí 2010.

### Efni: Samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar um samgöngumál á Vestfjörðum.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar þann 1. júlí sl., var svohljóðandi tillaga að bókun samþykkt, til stuðnings við frumvarp til laga um uppbyggingu á Vestfjarðarvegi nr. 60.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar vekur athygli á framkomnu frumvarpi til laga um uppbyggingu á Vestfjarðarvegi nr. 60. Bæjarstjórn lýsir sig sammála því sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins þar sem segir:


„Brýnasta verkefnið í vegamálum á Íslandi, vegagerð um Vestfjarðaveg, er í fullkomnu uppnámi og hefur svo verið um árabíl. Þetta er ekki sökum fjárskorts.

Á síðustu samgönguáætlun, sem gildi frá 2007 til 2010, var verulegu fjármagni, alls um 3 milljörðum kr., veitt til framkvæmda á leiðinni Svínadalur – Flókalundur.

Í tillögu til þingsályktunar um nýja samgönguáætlun (2009–2012), sem liggur fyrir þinginu, er áhersla á vegagerð á þessu svæði, sem nær frá Þorskafirði að Þverá í Kjálkafirði.“

Bæjarstjórn telur að með samþykkt þessa frumvarps verði stigið bráðnauðsynlegt og óhjákvæmilegt framfaraskref í samgöngumálum á sunnaverðum Vestfjörðum, þar sem jafnframt er tekið tillit til náttúrverndarsjónarmiða. Bæjarstjórn skorar á þingheim að fylkja sér að baki þessa mikilvæga samgöngumáls.

Bókun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,  
  
Þorleifur Pálsson  
- bæjarritari -

Samhljóða bréf sent  
Einari Kristni Guðfinnssyni, alþingismanni.  
Afrít send:  
Reykholahreppi, Tálknafjarðarhreppi og Vesturbyggð.